

Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Greinargerð.

Dyrhólaós hefur útfall austan við Dyrhólaey. Öðru hverju kemur það fyrir, að sandi kastar í útfallið, svo að það teppist alveg. Vex þá ósinn mjög, því að ár renna í hann, og í stórbrimi flæðir mikill sjór inn yfir fjöruna beggja vegna Dyrhólaeyjar og inn í ósinn. Getur ósinn þá orðið það mikill, að hann flæði yfir allar leirur og langt upp á engjalönd. Fer þá oft svo, að ósinn ber sand og mól á engjar og brýtur landið og veldur stórfelldri eyðileggingu.

Það mun vera 25—30 býli, sem eiga engjalönd að ósnum, og öll hafa þau orðið fyrir meiri eða minni eyðileggingu af hans völdum. Kunnugur maður, sem um langt skeið var einn helsti frömuður búnaðarmála í Mýrdal, segir í bréfi til mín um þessi landspjöll: „Ég fylgdist nokkuð með þessum landbrotum þau 38 ár, sem ég veitti Búnaðarfélagi Hvammshrepps forstöðu, því að félagið reyndi að fá einhverju um þokað. En þótt ég hafi ekki neinar skýrslur til sönnunar eyðileggingunni, fullyrði ég, að hér er um að ræða tugi hektara af ágætustu engjalöndum með hundruðum hestburða af heyi, og miða ég þá við 70—80 síðustu árin.“

Á síðasta aðalfundi Búnaðarfélags Hvammshrepps var gerð svo hljóðandi ályktun: „Aðalfundur Búnaðarfélags Hvammshrepps, haldinn í Reynisskóla 17. maí 1953, skorar á þingmann kjördæmisins að vinna að því eftir megni, að komið verði í veg fyrir landbrot þau, sem Dyrhólaós veldur á engjum milli Reynisfjalls og Steigarháls, með því að fá af hendi hins opinbera alhliða rannsókn og tillögur, er gætu orðið til bóta.“

Með þáttill. þessari er stefnt að því, að þessi rannsókn fari fram.